



Forsætisnefnd

**Efni:** Kostnaður við hvern borgarstjórnarfund

Vísað er til beiðni forseta borgarstjórnar, dags. 13. september sl., um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um kostnað við borgarstjórnarfundir. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hver hefur verið dæmigerður kostnaður vegna eins borgarstjórnarfundar það sem af er kjörtímabili? Átt er við kostnað vegna greiðslna til verktaka, s.s. vegna útsendinga, kostnað vegna veitinga, launakostnað vegna yfirvinnu starfsfólks og annar kostnaður sem fellur til vegna eins fundar. Hver má ætla að kostnaður yrði fundum borgarstjórnar ef ákveðið yrði að þeir myndu ekki standa lengur en til kl. 18:00?“

Frá júlí 2018 til júní 2019 hefur fjöldi funda hjá borgarstjórn verið 20 talsins. Fyrirkomulagið er á þann veg að húsið á að vera opið á meðan á fundi stendur. Þrír húsverðir eru í yfirvinnu frá kl. 18 á meðan húsið er opið. Ef borgarstjórnarfundir stæðu skemur en til kl. 18:00 myndi sparast matarkostnaður, útsendingakostnaður og yfirvinna húsvarða. Ekki hefur verið greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu annarra starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar vegna borgarstjórnarfundar. Í töflunni hér að neðan má sjá samantekinn kostnað síðastliðinna 12 mánaða vegna borgarstjórnarfundar.

Fjöldi funda	20					
	Krónur	%	Krónur	%	Pr. fund Krónur	Pr. fund Krónur
<b>Matur, kaffi o.sv.frv.</b>						
Múlakaffi	5.897.170	34%			294.859	
Annað	1.307.296	8%	7.204.466	42%	65.365	360.223
<b>Upptökur og útsendingar</b>						
Exton ehf	4.195.285	25%			209.764	
Rekstrarfélag IOS ehf	3.028.020	18%			151.401	
Hans-Konrad Kristjánsson	2.205.589	13%			110.279	
Allt & ekkert ehf	466.488	3%	9.895.382	58%	23.324	494.769
<b>Samtals</b>	<b>17.099.848</b>	<b>100%</b>	<b>17.099.848</b>	<b>100%</b>	<b>854.992</b>	<b>854.992</b>

*Halldóra Káradóttir*  
Sviðsstjóri